Umsjón:
Elísabet Kristín Jökulsdóttir



Rúrí hefur opnað einkasýningu að Kjarvalsstöðum, sem hún nefnir Tími. Hún hefur áður haldið 6 einkasýningar, tekið þátt í fjölda samsýninga hér og erlendis, gert stuttar kvikmyndir, er fræg fyrir performansa sína og hún vann 1. verðlaun í samkeppni um listaverk við flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún er nú formaður Myndhöggvarafélags Islands. Síðustu ár hefur Rúri unnið mikið erlendis og gert stór umhverfisverk í nágrannalöndum okkar. Af því hefur hennar verið getið í erlendum listaverkatímaritum og veitt verðskulduð athygli. mynd – sig.

Myndlist

Tíminn er höfuðskepna

– sem aldrei er hægt að höndla, segir Rúrí sem sýnir á Kjarvalsstöðum og kallar sýninguna Tími

Þú gengur inn í stóran sal og ert alveg viss um að það er 29. september, fyrir hádegi. Það sem ber fyrir augu eru ljósmyndir; hvernig líkani af föllnu húsi í fullri stærð hefur verið stillt upp úti á götu í stórborg, á öðru götuhorni liggja firnastórar súlur; einnig rústir, og svo hvernig listamaðurinn hefur ímyndað sér að lystiskáli í Malmö líti út, þegar tíminn hefur beitt tönnum sínum. Veglegar kistur sem minna á líkkistur, standa í röðum, eins og í líkhúsi, ofaná þeim eru glerlok og hægt að sjá furðu,hluti úr ólíkustu áttum, á einum kistubotni eru litskrúðug diskabrot og stakur taflmaður stingur í stúf eða gerir hann það? Í annarri kistunni eru umbúðir af tannkremi og sápu, bjórdósum. Þarna er líka gömul rafmagnstafla, rafalar og margir skrítnir hlutir, úr vélum, en slitnir úr samhengi, þannig að ekki er gott að átta sig á hvaða tilgangi þeir þjóna. Og þó hægt væri að sjá vélina alla á fullum hraða er alls ekki víst að hægt væri að átta sig á því.

En skyldi einhver halda að þetta væri rusl, sem við nútímamenn skiljum eftir okkur er það regin misskilningur, það er miklu frekar einsog natinn fornleifafræðingur hafi verið að verki. Eftir 600 ár.

Í hinum enda salarins hanga rúður niður úr loftinu og rússneskar ljósaperur vísa þér veginn um þetta draugahús, á hverri rúðu er ljósmynd af húsi sem er horfið – eða er að hverfa.

Þegar þú gengur út aftur hafa allar víddir riðlast, ótal tímar orðið til inni í þér á einum og sama tímanum, þannig að það er ekki lengur 29. september, heldur er orðinn þinn eiginn tími, undir áhrifum frá hugmyndum og verkum listamannsins. Þú ferð afturábak og áfram í tíma og ferð þess vegna mjög hátt upp og þegar þú reynir að koma þér niður á jörðina aftur, finnst þér spurningin, „Afhverju tíminn sé Rúrí svona hugleikinn" hljóma hálf álkulega.

Tíminn er miskunnarlaus

„Tíminn er svo afstæður og miskunnarlaus. Tíminn hefur svo marga fleti og það er aldrei hægt að höndla tímann. Tíminn er heldur ekkert að skitpa sér af okkur. Við verðum að læra að fara með hann, eins og annað sem við fáumst við. Eftir því sem við þekkjum verkefnið betur, næst betri árangur. Það er líka rangt að ætla sér að hafa áhrif á höfuðskepnurnar, reyna að breyta árstíðunum. Ég upplifi tímann sem eina af höfuðskepnunum. Við eigum að reyna að njóta þeirra einsog þeirra eðli býður uppá, en fyrst verðum við að reyna að kynnast því. Það er aldrei hægt að afgreiða tímann og ég ætla mér það ekki með þessari sýningu, heldur eru þetta hugleiðingar um tímann og afrakstur af vinnu þeirra hugmynda. Hugleiðingar um hvað hefur átt sér stað í fortíðinni og hvað geti átt sér stað í framtíðinni. Ég held að það sé hollt að hugsa í stærri einingum en sekúndum og klukkustundum. Tíminn er svo hverfull og hver maður á sína sérstöku upplifun með tímanum."

– Er nauðsynlegt að upphefja tímann? Ertu að reyna það með þessari sýningu?

„Ég held að það sé nauðsynlegt að reyna að öðlast vissa fjarlægð frá núinu. Þá er hægt að sjá sig úr annarri nálægð. Ef maður finnur þörf hjá sér tilað skipta um umhverfi, held ég maður verði að hlýða því. Það er líka nauðsynlegt fyrir listamenn og reyndar allt fólk. En einsog ballettdansari leggur metnað sinn í að kynnast líkama sínum, hlýtur listamaður að leitast við að kynnast andanum og ferðalög eru ein leið til þess."

Hugmyndir eru líka vinna

– Ertu búin að vera lengi að vinna sýninguna?

„Ég hef verið að vinna hana sleitulaust í tvo mánuði og það er búið að vera ansi mikil törn, en hugmyndirnar eiga sér lengri sögu og urðu til fyrir mörgum árum og hafa verið að þróast... Að sumu leyti hófust þær á Korpúlfsstaðasýningunni 1980, og einhver sagði mér, að þetta væri svipað því, að fylgjast með barni, hvernig það byrjar að skríða en lærir svo að stíga fyrstu skrefin. Stóru umhverfisverkin sem ég sýni ljósmyndir og teikningar af hér, voru sett upp úti í Kaupmannahöfn, Helsinki og Malmö, eftir beiðni. Ég fór á staðina tilað vita hvað ég finndi og hvað ég vildi gera. Vinnan við þau verk þegar hugmyndin var fullmótuð, var mjög hröð. Það tók tildæmis einn mánuð að skapa Lystiskálann, sem er 15 fermetrar í þvermál, og í hann fóru hvorki meira né minna en 34 tonn af steypu. Það er mjög misjafnt hvernig fólk tekur umhverfisverkum af þessu tagi. Danir voru ýmist glaðir eða óánægðir. En á myndunum sést hvernig fólk hefur hreiðrað um sig í rústunum. Finnar voru mjög ánægðir, þeir hugsa líka öðruvísi en ég held að ég hafi náð betur inná þeirra bylgjulengd.

– Tilfinning frekar en hugsun

– Kisturnar? Ertu búin að vera lengi að safna í þær?

„Já. Og í fyrstu vissi ég alls ekki hvað ég ætlaðist fyrir, en fljótlega langaði mig tilað útfæra hugmyndina á þennan hátt. En það eru mörg ár síðan ég fékk hana. Ég merki kisturnar eftir talnakerfi, tvenndarkerfi, sama stærðfræðikerfi og tölvur eru prógrammeraðar með. En það er svo meiri tilfinning en hugsun, sem ræður því hvað ég set saman í kistu, eða í hverja kistu fyrir sig. En það má auðvitað kalla þetta mannvistarleifar, ef maður á að leyfa sér að gerast fræðimannslegur.

– En ljósmyndaverkin?

„Þetta eru gamlar gluggarúður og ljósmyndir af húsum á þeim, sem gefa ákveðin augnablik. Þar nota ég vissa ljósmyndatækni. Glerið er brothætt og gegnsætt og skírskotar eftilvill á þann hátt til tímans. Þú horfir á myndirnar og horfir samt í gegnum þær."

– Er tíminn í laginu?

„Eins og sagt er að tíminn sé einsog gormur í laginu, gormur sem maður tekur í sundur og leggur á hliðina. Þannig líður tíminn í hring en líður þó áfram. Þannig hlýtur að eiga sér stað endurnýjun, en ekki endurtekning. Þá má kannski segja að orð prédikarans forðum, um að ekkert sé nýtt undir sólinni, séu bæði hárrétt og alröng. Annars er ekkert hægt að fullyrða um tímann og ég ætla mér það alls ekki."

– Hvað er mest spennandi við umhverfisverk?

„Mest spennandi? Ég hef aldrei hugsað um það á þann hátt. En það er hægt að ganga í gegnum umhverfisverk á vissan hátt, og í raunveruleikanum. Öðlast þannig öðruvísi nálægð en með monumentalisma. Það myndast viss tengsl, bæði sjónrænt og hugmyndafræðilega. Þannig hefur allur almenningur líka tök á því að skoða verkin á hvaða tímum sólarhringsins sem er. Umhverfisverk bjóða upp á ótal möguleika og fer mest eftir listamanninum hver árgangurinn verður. En maður reynir bara að gera sitt besta og mestu máli skiptir að maður sjálfur sé ánægður. Það erfrumskilyrði."

Performansar henta mér vel

– Hvað með stefnur í myndlist? Eru umhverfisverk og performansar að komast aftur „í tísku"?

„Umhverfisverk og performansar voru ráðandi áður en Nýja málverkið tók við, en nú hefur þetta riðlast saman. Performansar hentuðu mér ákaflega vel, þegar ég var að byrja, og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir unga listamenn, sem eru að koma úr skólum, að reyna að finna sinn eigin farveg, ekki að hlaupa eftir því, hvað ber hæst þá stundina. Talandi um stefnur, þá eiga allir að vera ungir í dag, það er einsog það sé eina fegurðin sem á rétt á sér. En með því móti er verið að afneita tímanum, með því að reyna að festa hendur á honum."

– ekj.